

Tólfti fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar  
Fundurinn haldinn 8. mars 2012 kl. 11.10 við Norðurgötu.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi. Fyrir hönd kennara mættu Guðný Róbertsdóttir og Sigríður Ingimundardóttir, Sigríður Ósk Salmannsdóttir fyrir hönd annarra starfsmanna. Fyrir hönd nemenda mættu Ágúst Örn Jónsson og Daníela Jóhannsdóttir. Einnig mættu aðstoðarskólastjóri Ríkey Sigurbjörnsdóttir og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar  
Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.
2. Umferðaröryggisáætlun Fjallabyggðar  
Ármann Viðar Sigurðsson bæjartæknifræðingur kynnti verkáætlun umferðaröryggisáætlunar og dreifði drögum til fundarmanna. Í verkáætluninni er gert ráð fyrir að samráð verði haft við Grunnskóla Fjallabyggðar og óskaði Ármann eftir álitum ráðsins á því hvernig þessi samráðsvinna yrði. Eitt af verkefnum sem tengd eru grunnskólum er að kortleggja þær gönguleiðir sem nemendur ganga til og frá skóla. Þessar upplýsingar væri hægt að nálgast með því að fara í bekk og fá nemendur til þess að teikna sínar gönguleiðir á götukort. Skólastjóri lagði til að málið yrði tekið upp á kennarafundi og þar yrði ákveðið hvernig upplýsingaöflunin færi fram.  
Ármann stakk upp á að hver kennari myndi sjá um að nálgast upplýsingarnar í sínum bekk og að kennarar myndu sameiginlega kortleggja gönguleiðir sem eru tengdar skólatíma þ.e. frá skóla í sund, skóla í mat og þess háttar. Ármann benti á að tæknideild Fjallabyggðar myndi sjá um að útbúa öll gögn sem þarf og sjá um að vinna úr þeim gögnum sem safnast.
3. Niðurstöður könnunar  
Viðhorfakönnun var lögð fyrir foreldra nemenda í 4., 7. og 10. bekk á foreldradaginn 26. febrúar s.l. Niðurstöður könnunarinnar voru skoðaðar og ræddar. Skólaráðsmenn sammála um að huga beri sérstaklega að spurningum 11 og 12 en þær fjalla um einelti í skólanum. Teymi skólans sem skipuleggur vinnu gegn einelti þarf að skoða þessar niðurstöður í samræmi við niðurstöður Olweuskönnunar.
4. Önnur mál  
Brynja foreldrafulltrúi sagði frá og kom á framfæri upplýsingum um Biophiliu tónvísindasmiðju Bjarkar Guðmundsdóttur sem Brynja aflaði. Reykjavíkurborg hyggst fara af stað með verkefnið næsta haust og er einnig stefnt er að þátttöku skóla utan höfuðborgarinnar. Skólinn okkar hefur verið skráður til þátttöku.